

AUGLÝSING**um skipulag í Svalbarðsstrandarhreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Svalbarðsstrandarhrepps að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júlí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 201.

18. júlí 1972.

AUGLÝSING**um skipulag í Öngulsstaðahreppi í Eyjafjarðarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Öngulsstaðahrepps að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júlí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 202.

19. júlí 1972.

REGLUGERÐ**um heimilishjálp í Garðahreppi.****1. gr.**

Félagsmálaráð Garðahrepps fer með stjórn heimilishjálpar í Garðahreppi undir yfirstjórn hreppsnefndar og sveitarstjóra. Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálpar er í höndum konu með þekkingu á heimilisstörfum, er sveitarstjóri skipar. Hún á rétt á að sitja fundi hreppsnefndar, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpinu, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálpar á heimilum, þegar sannað er með vottorði lækni, ljósmóður eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálpar met-

ur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsforfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 14 daga.

3. gr.

Heimilishjálpin skal áfram leitast við að hafa til taks nægilega margar konur til heimilishjálpar.

Forstöðukonu ber að ganga úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálp stunda á hennar vegum, séu hæfar til starfsins, hafi t. d. lokið tilskildu námskeiði eða sýnt hæfni í verki og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómum. Skulu þær leggja fram vottorð læknis.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálpar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

4. gr.

Sveitarsjóður Garðahrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur þær, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

5. gr.

Hreppsnefnd ákveður, hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálp.

Hreppsnefnd getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum forstöðukonu heimilishjálparinnar og félagsmálaráðs.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skal greitt eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd setur að fengnum tillögum félagsmálaráðs og forstöðukonu og ráðherra staðfestir.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu eða annað, er hún telur máli skipta í þessu efni.

7. gr.

Reikningar heimilishjálpar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar hreppsins.

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp í viðlögum og samþykkt þessari, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði en $\frac{2}{3}$ úr sveitarsjóði.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Garðahrepps hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Jón S. Ólafsson.